



Fundur háskólaráðs 26. janúar 2006

Fundargerð

Málsnúmer: HI06010052
Málalyklar: 011 Háskólaráðsfundur, fundargerðir,
dagskrár og framlögð gögn
Eigandi skjals: Margrét Ludvig
Staða: Fært í skjalasafn

Dagsetningar:

Búið til: 12.01.2006
Dags: 26.01.2006

Upplýsingar um viðskiptavin:

Háskóli Íslands, Aðalbygging (600169-2039)
101 REYKJAVÍK
Sími: 525 4000; 525 4300
Fax: 552 1331

01/2006

HÁSKÓLARÁÐSFUNDUR

Ár 2006, fimmtudaginn 26. janúar var haldinn fundur í háskólaráði sem hófst kl. 13.00.

Fundinn sátu: Kristín Ingólfssdóttir, Anna Pála Sverrisdóttir, Davíð Gunnarsson (varamaður Bryndísar Harðardóttur), Eiríkur Tómasson, Inga Jóna Þórðardóttir, Jóhannes R. Sveinsson, Jón Ó. Skarphéðinsson, Rögnvaldur Ólafsson og Vilhjálmur Árnason. Matthías Páll Imsland boðaði forföll og varamenn hans jafnframt. Fundargerð ritaði Magnús Diðrik Baldursson.

1. Erindi til háskólaráðs

1.1 Stjórnir, nefndir og ráð, sbr. yfirlit.

- a. Skipan Rannsóknþjónustu Háskólans til næstu tveggja ára, sbr. 4. gr. reglna nr. 832/2001, þ.e. frá 1.1.2006-31.12.2007.

Tilnefnd af hálfu Samtaka atvinnulífsins:

Hermann Kristjánsson, framkvæmdastjóri VAKI-DNG,

Guðrún Hálfðánardóttir, fréttastjóri Viðskiptablaðs Morgunblaðsins,

Davíð Stefánsson, ráðgjafi IMG ráðgjöf.

Tilnefnd af rektor:

Halldór Jónsson, framkvæmdastjóri rannsóknasviðs,

Þórdís Kristmundsdóttir, prófessor í lyfjafræðideild,

Þorsteinn Ingi Sigfússon, prófessor í raunvísindadeild.

- Samþykkt einróma.

- b. Framlengd skipan stjórnar Rannsóknastofu í kvenna- og kynjafræðum til 30. júní 2006, með þeirri breytingu að Sigrún Valgarðsdóttir, jafnréttisfulltrúi, verði skipuð varamaður í stað Rósu G. Erlingsdóttur sem er hætt störfum hjá Háskóla Íslands.

Stjórnarmenn:

Valur Ingimundarson, dósent í hugvísindadeild, skipaður án tilnefningar.

Þorgerður Einarsdóttir, dósent í félagsvísindadeild, skipuð án tilnefningar,

Dagný Kristjánsdóttir, prófessor í hugvísindadeild, tilnefnd af hugvísindasviði,

Magnfríður Júlíusdóttir, lektor í raunvísindadeild, tilnefnd af raunvísindasviði,

Guðbjörg Linda Rafnsdóttir dósent í félagsvísindadeild, tilnefnd af félagsvísindasviði.

Varafulltrúar skipaðir án tilnefningar:
Rannveig Traustadóttir, prófessor í félagsvísindadeild,
Sigrún Valgarðsdóttir, jafnréttisfulltrúi Háskóla Íslands.

- Samþykkt einróma.

1.2 Skipun fulltrúa Háskólans í starfshóp til að fjalla um fýsileika þess að sameina H.Í. og KHÍ, sbr. bréf menntamálaráðherra, dags. 3. janúar sl.

Rektor gerði grein fyrir málinu og var það rætt. Fulltrúar stúdenta óskuðu eftir því að fá að taka þátt í sameiningarviðræðunum ef framhald verður á þeim og ríkti samstaða meðal fundarmanna um þetta.

1.3 Tillögur að breytingum á reglum og að nýjum reglum, sbr. meðfylgjandi yfirlit.

Fyrir fundinum lágu eftirfarandi tillögur að breytingum á reglum og að nýjum reglum:

- a. Tillaga að breytingum á kafla guðfræðideildar (82.-86. gr. um námsskipan og sérreglur um M.Paed.-nám).
 - Ákveðið að vísa tillögunni til umsagnar kennslumálanefndar og fjármálanefndar háskólaráðs.
- b. Tillaga að breytingum á kafla hugvísindadeildar (101. gr. um kennslugreinar og skorir).
 - Sá hluti tillögunnar er lýtur að M.A.-námi í hagnýtri menningarmiðlun samþykktur einróma, en ákveðið að vísa tillögunni að öðru leyti til umsagnar kennslumálanefndar og fjármálanefndar háskólaráðs.
- c. Tillaga að breytingum á kafla félagsvísindadeildar (114. gr. um kennslugreinar).
 - Frestað til næsta fundar.
- d. Tillaga að breytingum á reglum um Stofnun Sigurðar Nordals.
 - Samþykkt einróma.
- e. Tillaga að breytingum á reglum um Hugvísindastofnun Háskóla Íslands.
 - Frestað til næsta fundar.

Háskólaráð felur rektor að hlutast til um að samdar verði samræmdar verklagsreglur um þær upplýsingar sem deildir þurfa að láta fylgja með óskum um heimild til að taka upp nýtt nám.

1.4 Aðhald með inntöku nýnema, skráningum o.fl. háskólaárið 2006-2007.

Rektor gerði grein fyrir málinu og var það rætt ítarlega. Í umræðunni kom m.a. fram að á síðustu árum hefur Háskólinn þurft að vísa frá fjölmörgum umsækjendum um nám sem ekki hafa fullnægt skilyrðum um formlegan undirbúning, þótt í mörgum tilvikum væri um að ræða umsækjendur með víðtæka þekkingu og reynslu. Einnig var rætt um fyrirkomulag prófa við Háskólann og mikilvægi þess að birta próftöflur þegar í upphafi misseris.

- Framlagðar tillögur um aðhald með inntöku nýnema, skráningum o.fl. háskólaárið 2006-2007 samþykktar einróma. Samþykkt var svohljóðandi bókun: „Háskólaráð harmar að geta ekki nýtt heimild til að veita undanþágur frá skilyrðum um formlegan undirbúning nýnema háskólaárið 2006-2007, en telur sig ekki eiga annarra kosta vól

vegna ákvörðunar fjárveitingavaldsins um að takmarka fjölda þeirra nemenda sem Háskóli Íslands fær greitt fyrir skv. kennslusamningi.” Einnig var samþykkt að fela rektor, í samráði við deildarforseta og sameiginlega stjórnýslu, að undirbúa tillögu um endurskoðað prófafyrirkomulag þar sem leitast verði við að upplýsingar um próftíma í hverju námskeiði komi fram þegar við skráningu.

1.5 Tillaga starfshóps háskólaráðs um þverfaglegt meistaranám í talmeinafræði.

Rektor gerði grein fyrir málinu.

- Samþykkt einróma að vísa tillögunni til umsagnar hugvísindadeildar, læknadeildar og félagsvísindadeildar sem og til kennslumálanefndar og fjármálanefndar.

1.6 Tillaga að skilgreiningu á nýdoktorum, sbr. 14. tölulið, í samþykkt háskólaráðs um skiptingu fjárveitinga á fundi ráðsins 15. desember sl. (dagskrárliður 2.2).

- Frestað.

1.7 Samningur Háskóla Íslands, Tryggingastofnunar ríkisins, Landssamtaka lífeyrissjóða og Samtaka tryggingafélaga um eflingu rannsókn- og kennslu í tryggingalæknisfræði og tímabundna ráðningu í 100% dósentstarf í læknadeild án auglýsingar.

Rektor gerði grein fyrir málinu og var það rætt.

- Samþykkt einróma.

1.8 Drög að samkomulagi Háskóla Íslands og Þjóðminjasafns Íslands um eflingu samstarfs í þágu sameiginlegra markmiða og tímabundna ráðningu í 55% lektorsstarf í hugvísindadeild án auglýsingar.

Mál þetta hefur átt sér nokkurn aðdraganda sem rektor gerði grein fyrir. Í máli rektors kom m.a. fram að með samkomulaginu er verið að virkja samstarfssamning Háskóla Íslands og Þjóðminjasafns Íslands sem gerður var árið 2003 í því skyni að efla sameiginlega hagsmuni beggja stofnana. Rektor las upp bréf sem bárust inn á fundinn frá nemendum í fornleifafræði annars vegar og stundakennurum í greininni hins vegar. Málið var rætt ítarlega.

- Framlögð drög að samkomulagi milli Háskóla Íslands og Þjóðminjasafns Íslands samþykkt einróma, með þeirri breytingu að við bætist svohljóðandi efnisgrein: „Lektorsstarfið er 55% en um skiptingu starfsskyldna milli kennslu, rannsókna og stjórnunar gilda almennar reglur Háskólans eins og þær eru á hverjum tíma. Um réttindi og skyldur lektorsins fer að öðru leyti eftir lögum og reglum fyrir Háskóla Íslands, en laun ákvarðast af kjarasamningi Félags háskólakennara og fjármálaráðherra.” Einnig var samþykkt að ekki verði ráðið aftur í starfið nema að undangenginni auglýsingu sem taki mið af faglegum þörfum greinarinnar.

1.9 Samningur Háskóla Íslands og Landspítala – háskólasjúkrahúss um eflingu kennslu og rannsókna í gigtarlækningum og tímabundna ráðningu í 37% dósentstarf í læknadeild án auglýsingar.

Rektor gerði grein fyrir málinu og var það rætt.

- Samþykkt einróma.

Í tilefni af framangreindum þremur ráðningarmálum (sbr. liði 1.7-1.9) telur háskólaráð brýnt með vísan til 7. mgr. 12. gr. laga um Háskóla Íslands nr. 41/1999 að undirbúnar verði nánari reglur um undanþágur frá skyldunni til að auglýsa störf sem byggjast á sérstökum tímabundnum styrkjum, störf sem tengjast sérstökum tímabundnum

verkefnum, störf sem nemendur gegna við Háskólann samhliða rannsóknartengdu framhaldsnámi og störf við Háskólann sem tengjast tilteknu starfi utan hans á grundvelli samstarfssamnings. Í þessum reglum verði m.a. höfð að leiðarljósi sú meginregla að ef ráðið er aftur í starf sem ráðið hefur verið í tímabundið og án auglýsingar skuli fullnægja auglýsingaskyldunni. Jafnframt skuli við það miðað að hámarkstími ráðningar í störf án auglýsingar sé 5 ár eins og lög gera ráð fyrir.

1.10 Drög að umsögn Háskólans um frumvarp til laga um Stofnun íslenskra fræða – Árnastofnun. Lagt fyrir Alþingi á 132. löggjafarþingi 2005-2006. Þingskjal 363 – 331. mál.

Rektor gerði grein fyrir málinu og var það rætt.

- Háskólaráð gerir ekki athugasemd við framlögð drög að bréfi rektors til menntamálanefndar Alþingis, að því undanskildu að niðurlag næstsíðustu setningar skal orðast svo: „...en kveða mætti afdráttarlausar á um það í upphafsgrein frumvarpsins að hin nýja stofnun eigi að vera hluti af fræðasamfélagi Háskóla Íslands.”

1.11 Frumvarp til laga um háskóla. Lagt fyrir Alþingi á 132. löggjafarþingi 2005-2006.

Rektor gerði grein fyrir málinu. Háskóli Íslands hefur ekki fengið lagafrumvarpið sent formlega til umsagnar, en rektor benti fulltrúum í háskólaráði á að koma athugasemdum og ábendingum á framfæri við stjórnsýslusvið.

2. Mál á dagskrá

2.1 Bráðabirgðauppgjör Háskólans 2005.

Inn á fundinn kom Ingjaldur Hannibalsson, formaður fjármálanefndar. Rektor gerði grein fyrir málinu og var það rætt. Svöruðu rektor og Ingjaldur framkomnum spurningum og athugasemdum.

2.2 Fjárhagsáætlun Háskólans 2006.

Rektor gerði grein fyrir framlagðri fjárhagsáætlun. Málið var rætt ítarlega.

2.3 Hugmyndir fjármálanefndar um breytingar á deililíkani, sbr. síðasta fund.

Ingjaldur Hannibalsson gerði grein fyrir framlögðu minnisblaði um hugmyndir fjármálanefndar um breytingar á deililíkani. Í máli Ingjaldar kom m.a. fram að hugmyndir nefndarinnar miða að því að minnka muninn á reiknilíkani menntamálaráðuneytisins og deililíkani Háskólans. Málið var rætt rækilega.

- Háskólaráð felur fjármálanefnd að útfæra hugmyndir sínar nánar og meta áhrif þeirra á deildir Háskólans.

2.4 Bygging nýs háskólasjúkrahúss. Staða mála.

Rektor reifaði stöðu mála varðandi fyrirhugaða byggingu nýs háskólasjúkrahúss og skýrði frá þeirri vinnu sem framundan er. Greindi rektor frá því að 1. febrúar nk. verði haldinn kynningarfundur í Borgarleikhúsinu um þarfagreiningu nýs spítala.

2.5 Tillögur um fjöldatakmörkun 2006-2007, sbr. fund ráðsins 15. desember sl.

Rektor gerði grein fyrir málinu og var það rætt ítarlega.

- Samþykktar einróma eftirfarandi tillögur deilda að fjöldatakmörkun fyrir háskólaárið

2006-2007 (tölur í sviga sýna heimilaðan fjölda nýnema háskólaárið 2005-2006):

Læknadeild:

- sjúkraþjálfun 25 (20)

Hjúkrunarfræðideild:

- hjúkrunarfræði 80 (75)

Félagsvísindadeild:

- kennslufræði til kennsluréttinda 90 (80)

- fyrrihluti meistaranáms í kennsluráðgjöf 25 (20).

- Háskólaráð bendir viðkomandi deildum á að ekki er tryggt að þær fái uppgert vegna nemenda umfram fyrri hámmörk. Hins vegar verði unnið að því að Háskóli Íslands fái rýmri heimildir fyrir þessa flokka á árinu 2007, þannig að þeir nemendur sem innritast til náms á háskólaárinu 2006-2007 og koma til uppgjörs haustið 2007 rúmist innan væntanlegs ramma ársins 2007. Til þess að svo megi verða þarf Háskólinn að leggja sérstaka áherslu á að rýmri heimild verði veitt fyrir þessa flokka á fjárlögum ársins 2007.

3. Mál til fróðleiks

3.1 Yfirlit funda og viðburða 2005-2006.

3.2 Úthlutun úr Rannsóknasjóði Háskólans 2006.

3.3 Dagskrá ráðstefnu um gæðamál háskóla 9. febrúar nk.

3.4 Niðurstöður ferlagreininga vegna Háskólatorgs.

3.5 Ytri úttekt á raunvísindadeild Háskóla Íslands 2006.

3.6 Dagskrá 19. háskólafundar 24. mars 2006.

Að formlegri dagskrá lokinni kvaddi Vilhjálmur Árnason sér hljóðs og þakkaði fulltrúum í háskólaráði fyrir ánægjulegt og gott samstarf, en Vilhjálmur heldur senn utan til 6 mánaða rannsóknadvalar við háskólann í Cambridge. Þökkuðu ráðsmenn Vilhjálmi fyrir farsælt samstarf og óskuðu honum góðrar ferðar.

Fleira var ekki gert.
Fundi slitið kl. 17.00